

Kjarnagata 14-101

1. Íbúðin skal einungis leigð til félagsmanna í Búseta á Norðurlandi og skal auglýst á heimasíðu félagsins.
2. Íbúðin skal leigjast búin húsgögnum og með lágmarks eldhúsahöldum og borðbúnaði. Uppbúin rúm og handklæði eru innfalin í verðskrá.
3. Bókunarfyrirvari skal almennt vera 1 vika og annast skrifstofa félagsins allar bókanir;
 - Bókunartímabili skal skipt á vikuna og mögulegt að bóka heila viku – eða frá fimmtudegi til mánudags annars vegar eða frá mánudegi til fimmtudags/föstudags hins vegar.
 - Með fyrirvara er ekki unnt að bóka skemmri tíma en 2 nætur yfir helgar (aðfaranótt laugardags eða sunnudags). Ef það er laust með skemmri fyrirvara en einnar viku þá er alltaf mögulegt að bóka fyrir eina nótt. Í miðri viku er hægt að bóka staka nótt á fullu verði (mánudag-fimmtudag) – með allt að þriggja vikna fyrirvara.
4. Verðskrá; miðað við allt að 8 rúm og möguleika á svefnstað fyrir 2 í stofusófa – handklæði á baðherbergi og fyrir hvern svefnstað. **Greiða skal fyrirfram miðað við bókun.**
 - Heil vika; kr. 80.000,- **-með 8 uppbúnum rúmum svefnstað fyrir 2 í stofu og þrifum á íbúðinni**
 - Tvær nætur um helgi; kr.40.000,-
 - Þrjár nætur um helgi kr 50.000,-
 - Fjórar nætur um helgi kr. 60.000,-
 - Stakar nætur í miðri viku kr.20.000,-
 - Tvær nætur í miðri viku kr.30.000,-
 - Þrjár nætur í miðri viku kr. 35.000,-
 - Fjórar nætur í miðri viku kr. 40.000,-

Hægt er að leigja íbúðina miðað við 2+2 svefnstæði – 4+2 svefnstæði og 6+2 svefnstæði – **en þá einungis fyrir fleiri daga í senn ef bókað er með fyrirvara.** Afsláttur frá verðskrá getur þá verið allt að 30%.

Einnig er hægt að leigja án rúmfata og með því að gestir þrifa sjálfir mv. 10% lækkað verð.

5. Félagið ráðstafar íbúðinni tímabundið og í allt að einn mánuð ef skyndilega koma upp tilvik þar sem búsetar þurfa að rýma íbúð eða afhending frestast af óviðráðanlegum orsökum.
6. Taka skal þessar reglur til endurskoðunar eftir því sem reynsla gefur tilefni til

Framkvæmdastjóri felur starfsmönnum verkefni við umsjón og útleigu samkvæmt nánari ákvörðun.

Samþykkt stjórnar 19.08.2009